

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

14. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILÍÐ 2022-2026

Árið 2023, Föstudaginn 8. september 2023 kl. 8:30, var haldinn 14. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti, Aníta Björk Pálínudóttir, Yordan Slavov Yordanov og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 14. fund sveitarstjórnar.
2. Samningur um velferðarþjónustu Vestfjarða – seinni umræða.
3. Ráðningarsamningur skólastjóra.
4. Staða mótuneytis Súðavíkurskóla.
5. Fiskeldissjóður – greinargerð/tillaga frá Matvælaráðuneytinu dags. 1.9.2023.
6. Umhverfismál.
7. Óbyggðanefnd – úrskurðir óbyggðanefndar uppkveðnir dags. 30.8.2023 – svæði 10B.
8. Erindi frá Bláma – heitt vatn í Súðavík.
9. Sameiningarmál – Árneshreppur.
10. Álit Samkeppniseftirlitsins.
11. Málstefna – erindi Innviðaráðuneytis 5.9.2023.

Afgreiðsla erinda:

1. **Skýrsla sveitarstjóra fyrir 14. fund sveitarstjórnar.**
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
2. **Samningur um velferðarþjónustu Vestfjarða – seinni umræða.**
Samningur um velferðarþjónustu Vestfjarða samþykktur ásamt viðaukum í seinni umræðu.
3. **Ráðningarsamningur skólastjóra.**
Farið yfir samning skólastjóra og sveitarstjórn mun leita lausna með skólastjóra um að leysa kennslu fyrir veturinn 2023/2024.

4. Staða mótuneytis Súðavíkurskóla.

Farið yfir stöðu mótuneytis og fjölda nemenda sem nýta mótuneyti í hverri viku. Sveitarstjór hefur ákveðið að boða til fundar með foreldrum og skóla varðandi stöðuna.

5. Fiskeldissjóður – greinargerð/tillaga frá Matvælaráðuneytinu dags. 1.9.2023.

Sveitarstjóri skilar inn umsögn um greinargerðina þar sem sjónarmiðum Súðavíkurhrepps verður fram haldið.

6. Umhverfismál.

Sveitarstjórn leggur á það áherslu að starfsleyfishafi vegna niðurrifs á Eið ÍS-126 klári niðurrif innan þeirra tímamarka sem leyfinu er markað.

Sveitarstjórn leggur til að mörkuð verði umhverfisstefna fyrir sveitarfélagið.

7. Óbyggðanefnd – úrskurðir óbyggðanefndar uppkveðnir dags. 30.8.2023 – svæði 10B.

Sveitarstjórn óskar eftir yfirferð um niðurstöður með lögmanni Súðavíkurhrepps.

8. Erindi frá Bláma – heitt vatn í Súðavík.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið.

9. Sameiningarmál – Árneshreppur.

Sveitarstjórn mun fylgjast með framgöngu sameiningarviðræðna, en telur ekki forsendur til formlegra viðræðna við sveitarfélagið um sameiningarmál að svo stöddu, ekki síst vegna landfræðilegrar legu sveitarfélaganna.

10. Álit Samkeppniseftirlitsins.

Sveitarstjórn hefur kynnt sér efni álitsins og erindis og tekur undir með Samkeppniseftirlitinu að mikilvægt sé að ekki séu viðhafðar samkeppnishindranir í því fákeppnisumhverfi sem er á íslenskum markaði.

11. Málstefna – erindi Innviðaráðuneytis 5.9.2023.

Sveitarstjórn tekur undir erindið og mun skoða málstefnu fyrir sveitarfélagið að teknu tilliti til þess hvað sé gerlegt í þeim efnum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:33

Aníta Björk Pálinudóttir
Aníta Björk Pálinudóttir

Bragi Þór Thoroddsen
Bragi Þór Thoroddsen

Yordan Slavov
Yordan Slavov Yordanov

Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti
Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti